

## Skæruverkföll lama almenningssamgöngur á N-Ítalíu

Örtröð bifreiða í miðborg Milanó í dag. Skæruverkföll starfsfólks við almenningssamgöngur hefur riðlað umferðinni á norðanverðri Ítalíu í dag í jólaamstrinu.

Skæruverkföll hafa lamað ferðir strætisvagna, sporvagna og ferja í norðanverðri Ítalíu í dag. Starfsfólk samgöngufyrirtækja hefur farið í fjölda slíkra verkfalla það sem af er mánuðinum. Verkalýðsforingjar sátu á fundum í Róm með embættismönnum og eru vonir bundnar við að samkomulag náist í dag. Á meðal þeirra borga sem hafa orðið fyrir barðinu á skæruverkföllum í dag eru Milanó, Feneyjar, Como, Bergamao, Pistoia, Písa og Livorno.

Verkföllin komu fólki í opna skjöldu því enginn aðdragandi var að þeim. Ríkisstjórnin hafði samþykkt hækkun upp á 80 evrur að meðaltali á mánuði með 500 evra eingreiðslu en mörg verkalýðsfélög á Ítalíu vildu ekki ganga að þeim gjörningi. Að sögn ítalskra fréttastofa hljóðar síðasta tilboð stjórnvalda

upp á 81 evru hækkun á mánuði með 970 evra eingreiðslu.

Kalt framan af degi en hlýnar með kvöldinu

Veðurstofn gerir ráð fyrir fremur hægri suðlægri eða breytilegri átt, víða léttskýjuðu og talsverðu frost. Þykkar upp með vaxandi suðaustanátt suðvestan- og vestanlands síðdegis, 13-18 m/s. og slydda eða snjócoma í kvöld. Hægari suðaustanátt og víða slydda eða rigning í nótt, en þurr norðaustantil á landinu. Hlýnar talsvert í veðri. Snýst í vestan 8-13 m/s. með slydduéljum á morgun, en heldur hægari og slydda fram eftir degi austanlands. Hiti 0-5 stig, hlýjast sunnanlands.

Kl. 6 í morgun var norðlæg eða breytileg átt, víðast fremur hæg. Sunnan- og vestanlands var léttskýjað en sums staðar el við norður- og austurströndina. Frost um allt land, mest 16 stig á Húsafelli.

Vetrarsólstöður eru í dag Í dag eru vetrarsólstöður, sólhvörf að vetrarlagi, sá tími ársins þegar sólargangur er stýstur. Þessi fallega mynd var tekin í gærmorgun við

sólarupprás í Þykkva-bænum með Vestmannaeyjar í baksýn. Gert er ráð fyrir fremur hægri suðlægri eða breytilegri átt í dag, víða léttskýjuðu og talsverðu frost, og því má búast við að víða sjái til sólar í dag þær fáu stundir sem hún er á lofti. Frá og með morgundeginum hækkar sólin á lofti um sem nemur einu hænuskrefi á dag, eins og stundum er sagt.

Í Grafarkirkjunni í Jerúsalem Áður en uppreisn Palestínumanna gegn hernámi Ísraelsmanna hófst í september árið 2000 lögðu margir ferðamenn og pílgrímar jafnan leið sína til Jerúsalem og Betlehem yfir jólin en nú hefur þessum gestum fækkað til muna. Þessa varð þegar vart fyrir þremur árum þegar mjög fáir voru á Fæðingartorginu framan við Fæðingarkirkjuna í Betlehem á aðfangadagskvöld og jóla-skreytingar sáust varla. Á myndinni sjást ferðamenn í dag skoða Grafarkirkjuna í Jerúsalem en kirkjan er byggð yfir þeim stað þar sem talið er að gröf Jesú hafi verið.

## Mikil ánægja með yfirlýsingu Líbýumanna víða um lönd

Muammar Gaddafi einræðisherra í Líbýu.

Mikil viðbrögð hafa verið í dag við yfirlýsingu líbýskra stjórnvalda um að þau hyggt hættu alfarið framleiðslu geryðingarvopna. Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, hrósaði líbýskum stjórnvöldum fyrir að taka þessa ákvörðun, Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, Dominique de Villepin, utanríkisráðherra Frakklands, Yoriko Kawaguchi, utanríkisráðherra Japans, fjölmiðlar í Mið austurlöndum, kínversk stjórnvöld, allir hafa farið lofsamlegum orðum um þessa ákvörðun Moammars Gaddafi einræðisherra Líbýu.

Utanríkisráðherra Ísraels, Silvan Shalom, sagðist fagna þessum fréttum. Með þessari ákvörðun muni Líbýa aftur ná trausti alþjóðasamfélagsins, sagði Shalom í viðtali við Ísraelska útvarpsstöð í dag.

Í óundirbúnu viðtali við blaðamann Ísraelska dagblaðsins Yediot Aharonot sagði Muammar Gaddafi að hann væri

hliðhollur friðj í Mið austurlöndum. „Ég hef ekkert á móti gyðingum. Líbýumenn vilja að íbúar allra þjóða geti lifað í friði,“ sagði Gaddafi í viðtalinu. Og í yfirlýsingu í gærkvöldi sagði Gaddafi að héðan í frá myndi Líbýa verða í fararbroddi þeirra þjóða sem vildu vinna að upprætingu geryðingarvopna í heiminum.

Utanríkisráðherra Egyptalands, Ahmed Maher, hvatti í dag Ísraela til þess að fylgja forðæmi Líbýumanna og eyða geryðingarvopnum sínum, að því er AP-fréttastofan segir. „Ég vona að önnur ríki í þessum heimshluta [...] fari að þessu ráði [...] og losi sig við og bindi enda á framleiðslu kjarnorkuvopna,“ sagði Maher, sem nefndi Ísrael ekki sérstaklega á nafn. „[Þ]ið vitið, að sjálf-sögðu, við hverja ég á,“ sagði hann. Ísrael er eina ríkið í Mið austurlöndum sem talið er búa yfir kjarnorkuvopnum. Þarlend stjórnvöld hafa ætíð neitað að staðfesta að svo sé og Ísrael er ekki heldur aðili að neinum alþjóðasamningum sem banna eða er ætlað að draga úr útbreiðslu kjarnorku-, efna- og

sýklavopna.

Aðalritari Arababandalagsins, Amr Moussa, segir að skrefið sem líbýsk stjórnvöld hafi stigið undirstriki nauðsyn þess að Ísrael hlíti öllum samningum sem banni útbreiðslu kjarnorkuvopna. „Það ættu ekki að vera neinar undanþágur sem leyfðu að Ísraelar hafi slík vopn í sínum fórum,“ sagði Moussa.

Egyptsk stjórnvöld og önnur arabaríki hafa ítrekað hvatt til þess að Mið austurlönd verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði og að alþjóðasamfélagið þrýsti á Ísraelsk stjórnvöld að þau fargi slíkum vopnum í þeirra eigu. Egyptar hafa þó ekki staðfest sáttmála um efnavopn og notuðu slík vopn þegar þeir höfðu afskipti af borgarastyrjöldinni í Jemen á sjöunda áratug tuttugustu aldar.

## Schröder kanslari andsnúinn dauðadómi yfir Saddam Hussein

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, sem sést hér á bak við aðventukrans á skrifstofu sinni, er á móti því að Saddam Hussein verði

dæmdur til dauða.

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, segir í viðtali sem birtist í Bild am Sonntag í dag, að hann sé andsnúinn því að Saddam Hussein verði tekinn af lífi. „Ég er á móti dauðarefsingu, sama hver á í hlut,“ hefur blaðið eftir Schröder. „Og það gildir líka um einræðisherra eins og Saddam Hussein, sem fór eins illa með fólk og hægt er.“

Miklar vangaveltur hafa verið uppi um hvort hægt eigi að vera að dæma Saddam Hussein til dauða en nýr íraskur stríðsglæpadómstóll kvað fá umboð til að beita slíkri refsingu.

Myndir eftir ljósmyndara Morgunblaðsins sem nota má sem skjámynd á tölvu. Athugið að óheimilt er að nota myndirnar í annað eða breyta þeim. Veljið þá stærð sem fer næst skjáupplausn og mun þá birtast nýr gluggi með myndinni. Þegar myndin er að fullu komin á skjáinn er smelt á hana með hægri músarhnappnum og skipunin "Set as Wallpaper" eða "Set as Background" valin. Macintosh-notendur velja skipunina

"Save this Image as..." til þess að vista myndina í viðeigandi möppu á ræsidisknum og nota forritið Skjáborðsmyndir til þess að velja rétta mynd. Til að sjá skjáupplausn í Windows er smelt með hægri hnappi á skjáborðið, Properties valið og síðan smelt á Settings-flipa.

Magdeburg áfram í Meistaradeildinni Magdeburg, lið Alfreðs Gíslasonar og Sigfúsar Sigurðssonar, komst í dag áfram í Meistaradeild Evrópu í handknattleik er liðið vann Skjern frá Danmörku 34:24 í síðari leik liðanna. Skjern vann fyrri leikinn 30:25. Lemgo komst líka áfram í dag með 32:27 sigri á Ljubljana en fyrri leikurinn endaði með 28:28 jafntefli.

Sigurganga Grindvíkinga heldur áfram Grindvíkingar unnu Breiðablik 83:75 í Intersportdeildinni í körfuknattleik karla í dag. Hjá Blikum var Mirko Vinjevic stigahæstur með 27 stig og Loftur Einarssonar gerði 26 en hjá gestunum úr Grindavík gerði Páll Axel Vilbergsson 28 stig og Darrel Levis 24. Grindavíkingar eru því enn taplausir í deildinni.

Heiðar krækti sér í gult spjald Heiðar Helguson lék allan tímann með Watford þegar liðið tapaði á heimavelli 3:1 fyrir Stoke. Heiðar kom Watford yfir á 4. mínútu en það dugði skammt. Hann fékk gult spjald á lokamínútu leiksins. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn með Charlton sem gerði markalaust jafntefli við Newcastle. Gerhard Schröder vill meina kennslukonum að bera höfuðklút

Ef fer sem horfir verður þessum frönsku stúlkum meinað að bera höfuðklút sinn en trúarsystur þeirra í Þýskalandi verður leyft það. Þýskar, múslímskar kennslukonur þurfa þó að líkindum að taka skýluna ofan.

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, hefur tekið af öll tvímæli um að hann vilji að kennslukonum verði meinað að bera höfuðklút í ríkisreknunum skólum. Schröder segir í viðtali við vikublaðið Bild am Sonntag í dag að þessi klæðnaður múslímskra kvenna sé ekki viðeigandi klæðnaður opinberra starfsmanna í Þýskalandi. Mikil umræða hefur verið um hvort meina ætti múslímskum kennslukonum

að bera höfuðklút í starfi en hæstiréttur landsins kvað upp úrskurð í september sl. um að slíkt bæri að leyfa nema slíkt verði bannað með lögum. Schröder hefur ekki tekið afstöðu til málsins fyrr en nú að hann segir að Þýskaland sé veraldlegt ríki og þar af leiðandi eigi starfsmenn þess ekki að klæðast fatnaði með trúarlega tilvísun þegar þeir séu í vinnunni.

„Ég get ekki meinað skólastúlkum að nota höfuðklúta þegar þær eru í skólanum,“ segir kanslarinn en í Frakklandi eru uppi ráðagerðir um að setja í lög bann við allskonar trúartáknunum í kennslustofum eins og títtnefndum höfuðklútum, kollhúfum gyðinga og stórum krossum kristinna.

Enn sem komið er hefur aðeins verið undirbúin löggjöf þessu anda í hinum íhaldssömu Baden-Württemberg og Bæheimi í suðurhluta Þýskalands.

### Af flóttamanninum Saddam Hussein

Saddam Hussein var alskægjaður og síðhærður þegar hann var hand-

samaður. Sem kunnugt er var hinn fallni einræðisherra Saddam Hussein mánuðum saman á flóttaður en bandarískir hermenn handtöku hann á eyðibýli við yfirgefið þorp á bökkum Tígrisfljóts. Að sögn fulltrúa Bandaríkjahers var Saddam stutt á hverjum stað en talið er að hann hafi notað á milli tuttugu og þrjátíu tilkomulitla bústaði á svæði súnnímúslíma nærri borginni Tikrit. Þar var þéttriðið öryggisnet fólks sem flutti hann á milli staða eftir þörfum hverju sinni, að því er segir í New York Times í dag. Þá lét hann boðsenda munnleg fyrirmæli sín til liðsmanna Baath-flokksins um árásir gegn hernámliðinu í landinu.

Hinn sextíu og sex ára Saddam Hussein ferðaðist um fótgangandi á fáförnum vegum og fór um með litlum bátum á ánni Tígris ef hann var ekki stöðugt að skipta um ökutæki að nóttu til. Sjaldan voru fleiri en tveir til þeir í fylgd með honum til þess að vekja sem minnsta athygli.

Kotið þar sem hann fannst er aðeins í nokkur hundruð metra fjarlægð frá bökkum Tígrisfljóts þar sem hann tók nokkur

sundtök árlega til þess að minnast þess er hann árið 1959, eftir misheppnaða byltingartilraun gegn þáverandi einræðisherra, Abdul Karim Kassam, synti yfir fljótið, að eigin sögn, á flóttu.

Hinn fallni einræðisherra hitti syni sína, Uday og Qusay, af og til, að sögn bandarískra leyniþjónustumanna, áður en þeir voru felldir í skotbardaga í borginni Mosul 22. júlí sl. Mosul er um þrjú hundruð km norður af Tikrit. Á þeim fundum hafi verið skipulagðar árásir á innrásarherinn en eftir dauða sona sinna hafi Saddam einangrast meir frá nánustu samstarfsmönnum sínum, sem voru flestir hundeltir af bandarískum hermönnum og gáfu við handtöku vísbendingar um dvalarstaði Saddams.

Todd Megill, undirofursti í leyniþjónustu Bandaríkjahers í Tikrit, segir að fundir feðganna hafi verið þeim mikilvægir því að þar hafi þeir getað rætt saman án þess að óttast svikráð.

Enn er margt á huldu um flóttu Saddams en fyrir handtöku hans höfðu bandarískir leyniþjónustumenn þó búið til

nokkuð heillega mynd af lífi hans í stanslausum feluleik gagnvart bandarískum hermönnum. Ættingjar hans voru yfirheyrðir, félagar í Baath-flokkki einræðisherrans, sem náðst hafa undanfarna mánuði, hafa veitt upplýsingar við yfirheyrslur og þá hefur tæknin nýst með t.d. aðstoð farsímahlerana í gegnum gervihnetti. Skjöl, sem fundust við handtökur, veittu dýrmætar upplýsingar og eins var reynt að átta sig á athöfnum Saddams miðað við fyrri tíð. Þá er, að sögn leyniþjónustumanna, alltaf visst hegðunarmynstur þeirra sem eru á flóttu, sama hvað þeir heita og hvort þeir hafa úr háum söðli að detta eður ei.

Heimildarmenn New York Times telja að Saddam Hussein hafi fyrstu dagana á flóttanum, eftir fall höfuðborgarinnar, Bagdad, haldið í norðurátt. Og þessi harðstjóri, sem hafði heitið að berjast með löndum sínum í ávarpi sem hann flutti af þaki bílhræs fyrir utan Abu Hanifa moskuna 9. apríl sl., eitt helsta helgítákn súnnímúslíma, braut það heit - eins og svo mörg önnur - þegar hann gafst upp fyrir andstæðingum

sínum án mótspyrnu.

### **Jóhannes Páll páfi II brýnir fyrir fólki innihald trúarinnar**

Jóhannes Páll páfi II blessar mannfjöldann á Péturstorginu í Róm í dag af svölum íbúðar sinnar í Vatíkaninu. Jóhannes Páll páfi II brýndi fyrir hinum trúu og dyggu að fagna dulúð trúarinnar um jólin fjarri hávaðanum og umstanginu. Hann hvatti áheyrendur sína á Péturstorginu í Róm í dag til þess að meta þögnina og hlusta eftir söng herskara himnanna án þess að kæfa hann í hávaða.

Jóhannes Páll flutti ræðu sína með þokkalega skýrri röddu en hinn átta tíu og þriggja ára páfi er illa haldinn af Parkinsonsjúkdómnum. Hann virtist þó við ágætis heilsu þegar hann talaði til fjöldans í Páfagarði. Á morgun mun hann taka á móti prelatum í Vatíkaninu í vistarverum sínum í Páfagarði og á miðvikudag, aðfangadag jóla, mun hann verða við messu á miðnætti í Péturskirkjunni og flytja heimsbyggðinni ávarp sitt að morgni jóladags.

Hið nýja hátækniundur

bilaði rétt fyrir komu forsetans

Það er eins og Jacques Chirac Frakklandsforseti fórn höndum en svo er þó ekki. Myndin sýnir hann þegar hann heilsar landsmönnum fyrir ávarp sitt til þjóðarinnar 17. desember sl. þar sem hann ræddi um slæðunotkun múslímskra kvenna. Embættismenn í borginni Bordeaux í suðvesturhluta Frakklands eldroðu í morgun af skömm aðeins nokkrum klukkustundum áður en forseti landsins, Jacques Chirac, kom í heimsókn. Hvers vegna?

Hátækniligt og glænýtt kerfi sporvagna bilaði á ögurstund, rétt áður en forseti lýðveldisins ætlaði að vígja herlegheitin með pomp og prakt - klippa í sundur borða í frönsku fánalitunum. Helsta nýjung þessa kerfis er að ekki þarf lengur að hengja yfir stræti og torg rafmagnskapla til þess að knýja vagnana áfram en í staðinn er eitt spor í jörðinni sem færir orku til vagnanna, hannað af franska verkfræðifyrirtækinu Alstom.

En það fór semsé eitt-hvað úrskaiðis þegar verið var að prófa kerfið í

morgun. Chirac átti að fara salíbunu með spurvagni seinnipartinn í dag með Alain Juppe, borgarstjóra Bordeaux og fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands. Hið nýja samgöngukerfi mun flytja borgarbúa frá miðborg Bordeaux allt að tíu kílómetra út í úthverfin.

### **Bandaríski hermaðurinn er maður ársins hjá Time**

Bandaríska fréttatímaritið Time hefur valið bandaríska hermanna mann ársins 2003. Segist tímaritið vilja með þessu heiðra karla og konur í öllum deildum Bandaríkjahers en nú eru 1,4 milljónir manna undir vopnum í Bandaríkjunum og 1,2 milljónir eru í bandaríska varaliðinu.

Í yfirlýsingu segir Nancy Gibbs, einn ritstjóra Time að bandarískir hermenn standi ekki aðeins vörð um frelsi Bandaríkjamanna heldur einnig þjóða annarstaðar á hnettinum.

Tímaritið segir að Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra, hafi stungið upp á því að velja hinn almenna hermanna mann ársins á fundi sem

hann átti með ritstjórum blaðsins í nóvember.

Um 120 þúsund bandarískir hermenn eru nú í Írak og um 9 þúsund í Afganistan.

Tímaritið hefur áður útnefnd bandaríska hermenn menn ársins. Það var árið 1951 þegar Kór-eustríðið stóð sem hæst. Á síðasta ári útnefndi Time þrjár konur menn ársins en konurnar vöktu athygli á ýmsum brotum vinnuveitenda sinna. Rudy Giuliani, fyrrum borgarstjóri í New York, var valinn maður ársins 2001 vegna þess hvernig hann tók á málum eftir hryðjuverkaárásirnar á borgina í september það ár.

### **Fjölmennt friðarganga í Reykjavík**

Frá friðargöngunni á Laugaveginum í kvöld. Friðarhreyfingar stóðu sameiginlega að blysför niður Laugavegininn í kvöld. Gangan hófst frá Hlemmi klukkan 18 og lauk á Ingólfstorgi þar sem Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður flutti ávarp samstarfshóps friðarhreyfinga. Lögreglan sagði gönguna fjölmenna, en talið er að allt að því fimm þúsund

manns hafi tekið þátt en það er aðeins minna en var í fyrra. Þetta er 24. árið sem friðarganga er farin niður Laugaveg á Þorláksmessu. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er talsverður fjöldi fólks í miðbænum og fer fjölgandi, en veður er frekar slæmt - gengur á með hvössum eljum.

Íslenskir friðarsinnar standa einnig fyrir friðargöngum á Þorláksmessu á Ísafirði og á Akureyri. Á Ísafirði var lagt af stað frá Ísafjarðarkirkju klukkan 18:00 og gengið niður á Silfurtorg. Þar var stutt dagskrá. Er þetta sjötta árið sem ganga þessi er haldin á Ísafirði.

Á Akureyri verður blysför gegn stríði. Hefst við Menntaskólann á Akureyri kl. 20:00. Gengið verður niður á Ráðhústorg og þar haldin stutt samkoma: Ávarp flytur Edward H. Huijbens doktorsnemi í Landfræðum. Þórhildur Örnarsdóttir syngur. Kjörorð blysfarinnar er: Bandaríkin út úr Írak. - Ísland úr stríðsliðinu.

## Kjarasamningur framhaldsskólans fram- lengdur

Í gær var undirritað samkomulag milli fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands um fram- lengingu kjarasamnings framhaldsskólans til 30. nóvember 2004. Að óbreyttu hefði kjarasamningurinn frá 7. janúar 2001 fallið úr gildi 30. apríl 2004. Samkvæmt samkomulaginu hækka laun um 3% 1. janúar í stað 1,5%.

Fram kemur á heimasíðu Kennarasambands Íslands að gildistími og launatöfluhækkun í kjarasamningi framhaldsskólans eru nú eins og hjá aðildarfélögum BHM. Í sameiginlegri bókun sem fylgir samkomulaginu lýsa samningsaðilar yfir að þeir séu þrátt fyrir frestunina sammála um að hefja strax í byrjun nýs árs undirbúning nýs kjarasamnings.

## Svíadrottning heldur upp á sextugsafmælið

Svíar samfagna nú Silvíu, drottningu sinni, sem heldur í dag upp á 60 ára afmæli sitt. Drottningin nýtur mikilla vinsælda í Svíþjóð og í skoðanakönnun fyrir á

þessu ári kom í ljós að hún er sú kona þar í landi, sem Svíar líta mest upp til. Sérstök athöfn var til heiðurs drottningu við konungshöllina í Stokkhólmi í dag en í gærkvöldi hélt Silvía upp á afmælið í faðmi fjölskyldunnar og nánustu vina. Á myndinni sést sænska konungsfjölskyldan í hallargarðinum í dag. Fremst standa Karl Gústaf konungur og Silvía en fyrir aftan eru börn þeirra, Viktoría krónprinsessa, Magðalena prinsessa og Karl Filippus prins.

## Á yfir höfði sér milljónir í sekt fyrir tölvubrot

18 ára breskur unglingur, sem braust inn á netkerfi rannsóknarstofu á vegum bandarískra yfirvalda, gæti þurft að greiða um 2,6 milljónir króna í bætur fyrir breytingar sem gera þurfti á kerfinu. Joseph McElroy þróaði forrit til þess að brjótast inn í 17 tölvur hjá eldsneytisráðgjafarstofnun nærri Chicago í júní 2002.

Bandarísk stjórnvöld tóku árásir inn á kerfi stofnunarinnar alvarlega vegna þeirrar starfsemi sem þar fór fram. Miklar

endurbætur hafa átt sér stað á kerfinu frá því að brotist var inn á kerfið, að sögn BBC. McElroy er laus gegn tryggingu en dæmt verður í máli hans á nýju ári.

## Skip Síldarvinnslunnar hafa lokið veiðum á þessu ári

Skip Síldarvinnslunnar hafa lokið veiðum á þessu ári og hafa þau öll aflað vel og ekki orðið fyrir neinum skakkaföllum. Hæst ber afla Barkar NK-122, sem er aflahæsta skip íslenska flotans, og hefur skilað tæplega 84.000 tonnum af kolmunna og loðnu á land á árinu. Barði NK-120 kom til löndunar í Neskaupstað í morgun, úr sínum síðasta túr á árinu, með frosnar afurðir.

Börkur kom til hafnar á föstudag með 750 tonn af kolmunna og lauk þar með veiðum. Beitir NK landaði 270 tonnum af vinnslusíld á fimmtudag og Bjartur NK kom með um 45 tonn af fiski til löndunar á föstudag, sem lokið var við að vinna í gær, að því er fram kemur á heimasíðu Síldarvinnslunnar.

Sjómenn fara nú í langþráð jólafrí og munu skip-

in ekki halda til veiða á ný fyrr eftir áramót. Þá munu Börkur og Beitir halda til loðnuveiða og togaramir til sinna hefðbundnu veiða fyrir fiskiðjuverið, auk þess sem Barði NK frystir hluta af afla sínum um borð.

### Tilboði Chelsea í Ayala hafnað

Roberto Ayala varnarmaður Valencia. Spænska liðið Valencia hefur ýtt út af borðinu 10 milljón punda tilboði frá enska úrvalseildarliðinu Chelsea í varnarmanninn Roberto Ayala. Þetta er í annað sinn sem forráðamenn Valencia hafna tilboði frá Chelsea, en Lundúnarliðið ætlar ekki að gefast upp og hyggst Claudio Ranieri, stjóri Chelsea, reyna í þriðja sinn.

### Sungjó í Bankastræti í kvöld

Hefð hefur skapast fyrir því á Þorláksmessukvöld að „tenórnir þrír“ hafa hafið upp raust sína á svölum húss á mótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis í Reykjavík. Tenórnir þrír eru ekki þeir sömu ár frá ári, enda ræður oft hvaða stór-söngvari er heima hverju sinni. Í ár stendur Höfuð-

borgarstofa fyrir tónleikum sem hefjast klukkan 20:30 og syngja Kolbeinn Ketilsson, Þorgeir J. Andrésen og Snorri Wiium, nokkur jólalög og þekktar aríur af svölunum. Að auki munu þrjár sópransöngkonur, þær Valgerður Guðnadóttir, Hulda Björk Garðarsdóttir og Alda Ingibergsdóttir, hefja upp raust sína.

### Mikilvægt að fá auknar fjárveitingar til LSH

Stjórnarnefnd Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) telur mikilvægt að leitað verði allra leiða til að fá auknar fjárveitingar til sjúkrahússins svo draga megi úr neikvæðum áhrifum skertra fjárveitinga. Standa þurfi vörð um góðan árangur LSH á þessu ári s.s. styttingu biðlista, fjölgun skurðaðgerða og fjölmargt fleira.

Í greinargerð, sem stjórnarnefndin hefur gert um störf sín á árunum 2000 til 2003, segir m.a. að af rakstur af sameiningu sjúkrahúsanna hafi þegar á þessu ári skilað marktækum árangri. Það væri að áliti stjórnarnefndar mikill skaði ef skertar fjárveitingar til reksturs LSH gerðu að engu þennan góða ár-

angur í þjónustu sjúkrahússins.

Greinargerðin er birt vegna þess að í gær rann út skipunartími stjórnarnefndarinnar en nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn.

Greinargerð stjórnarnefndar LSH

### Tvær konur fórust í jarðskjálftanum í Kaliforníu

Björgunarmenn grafa í rústum bygginga sem hrundu í Paso Robles. Nú er ljóst að tvær konur létu lífið þegar jarðskjálfti sem mældist 6,5 stig á Richter, reið yfir Kaliforníu í Bandaríkjunum í gær. Fyrst var óttast að fleiri hefðu látist þegar gamlar byggingar hrundu yfir bílastæði í bænum Paso Robles en konurnar tvær létust þegar múrsteinar hrundu úr rúmlega aldargömlum klukkuturni í bænum. Upptök skjálftans voru nálægt bænum San Simeon, en hann fannst víða í ríkinu. Um 50 eftirskjálftar höfðu mælst um þremur stundum eftir að stóri skjálftinn varð. Talið er að um 80 byggingar hafi skemmst í skjálftanum og rafmagn fór af víða á svæðinu.



## Bandarísk netsala yfir 100 milljarða dala

Bandarísktmarkaðsrannsóknafyrirtæki áætla að velta netsölu þar í landi fari yfir 100 milljarða dala á á þessu ári en mikil jólasala hefur verið um Netið í ár. Er þetta 42% aukning frá árinu 2002.

„Þegar rykið sest hafa bandarískir neytendur eytt rúmlega 12 milljörðum dala á Netinu á aðventunni og velta netsölu á árinu 2003 hefur farið yfir 100 milljónir dala í fyrsta skipti,“ segir Kate Delhagen, ráðgjafi hjá markaðsrannsóknafyrirtækinu Forrester.

Fyrirtækið áætlaði að velta netsölu á síðasta ári hefði numið 76 milljörðum dala í Bandaríkjunum en það var 48% aukning frá árinu þar á undan.

Áætlanir um viðskipti á Netinu eru oft mjög mismunandi og í opinberum tölum eru t.d. kaup á farmiðum og annarri þjónustu undanskilin.

## Veðurhorfur næsta sólarhring:

Viðvörðun: Búist er við stormi (meira en 20 m/s)

víða á vestanverðu landinu til morguns. Suðvestan 18-23 m/s og slyddu-él vestan til, en hægari og léttskýjað austanlands. Snýst í norðaustan 10-15 með snjókomu norðvestanlands í nótt. Suðvestan 8-13 og víða él á morgun, en norðlægari norðan til. Kólnandi veður og yfirleitt vægt frost á morgun, en frostlaust með suðurströndinni. Veðurspá gerð 23.12.2003 kl.17:50 Næsta veðurspá er væntanleg kl.19:30

## Veðurhorfur næstu daga:

Norðaustan og norðan-átt frá Jóladegi til laugar dags, él norðan- og austan til, en yfirleitt bjartviðri annars staðar. Frost 0 til 10 stig, en kaldara inn til landsins undir helgi. Austlæg átt á sunnudag og mánudag og úrkomulítið, en stöku él norðanlands og talsvert frost. Veðurspá gerð 23.12.2003 kl. 8:30 Gerð einu sinni á sólarhring.

## Stemning í miðbænum á Þorláksmessukvöld

Góð stemning var í miðborg Reykjavíkur í kvöld, Þorláksmessu, þrátt fyrir að oft áður hafi

verið fleiri í miðborginni þetta kvöld. Hefur slæm veðurspá sjálfsagt haft sitt að segja en skjól var hins vegar á Laugaveginum og ekki væsti um mannfjöldann. Margir létu sér nægja að fylgjast með mannlífinu, skoða í búðarglugga og hlýða á tónlistarmenn sem léku jólalög og aðra tónlist en aðrir voru á þönum við að kaupa síðustu jólagjafirnar eins og gengur.

## Malvo dæmdur til lífstíðar fangelsisvistar

Lee Boyd Malvo leiddur í réttarsalinn í Virginia Beach.

Lee Boyd Malvo var í kvöld dæmdur til lífstíðar fangelsisvistar af kviðdómi í Virginíuríki. Malvo, sem er 18 ára gamall, var ásamt John Allen Muhammad, talinn hafa staðið að skotárásunum á fólk í nágrenni Washingtonborgar í fyrra. 10 létust og þrír særðust í árásunum.

Muhammad var fyrir nokkru einnig fundinn sekur um morð og kviðdómur mælti með því að hann yrði líflátinn. Kviðdómurinn tók ekki til greina þær fullyrðingar verjenda Malvos að hann hefði verið vilja-

laust verkfæri í höndum Muhammads.

Kviðdómurinn sat á fundum í rúmar átta klukkutíma á tveimur dögum áður en hann komst að niðurstöðu um mál Malvos.

Marvo er sekur um morð á Lindu Franklin, starfsmanns bandarísku alríkislögreglunnar, en hún var skotin einu skoti í höfuðið utan við verslun í Virginíu þann 14. október á síðasta ári, en þá var hann 17 ára.

### **Viðbúnaður vegna hvassviðris**

Almannavarnir ríkisins sendu lögreglunni á sunnanverðu landinu viðvörðun í dag vegna stormspár og er brýnt fyrir lögreglu að gera viðeigandi ráðstafanir, ekki síst í ljósi þess að nú er stórstreymt og hætta getur verið á flóðum snemma í fyrramálið. Lögregla hefur hvatt eigendur báta að gera viðeigandi ráðstafanir og fólk til að fergja allt lauslegt.

Háflóð í Reykjavík verður klukkan 06:49 í fyrramálið og hefur sjór þá hækkað um 4,3 metra. Það fer yfirleitt ekki vel saman stórsteymsflóð

og hvassviðri.

Búist er við stormi í kvöld og nótt á höfuðborgarsvæðinu. Gengur í suðvestan 18-23 m/s með slydduéljum, en dregur úr vindi í fyrramálið. Suðvestan 8-13 m/s og snjóél með morgnum, en hægari er líður á daginn. Hiti nálægt frostmarki.

### **Þrír Íslendingar við sjálfböðastörf í Palestínu**

Þrír ungir Íslendingar dveljast nú á hernumdu svæðunum í Palestínu við sjálfböðastörf. Þetta eru Finnbogi Vikar Guðmundsson, æskulyðsfulltrúi og sjómaður og Steinunn Gunnlaugsdóttir og Saga Ásgeirsdóttir, nemar. Í dvöl sinni munu þau taka þátt í ýmsum aðgerðum til verndar palestínsku þjóðinni og gegn hernáminu og hjálparstarfi á sviði heilsgæslu.

Íslendingarnir eru á aldrinum 20-25 ára og munu taka þátt í sameiginlegri mótmælaaðgerð ísraelskra friðarsinna, Palestínumanna og alþjóðlegra sjálfböðaliða sem fram fer í Kalkilja þann 27. desember og beinist gegn aðskilnaðarmúr

Sharon-stjórnarinnar sem nú umkringir alla borgina, að því er fram kemur í frétt frá Félaginu Ísland-Palestína.

### **Bílar í vandræðum á Öxnadalsheiði**

Björgunarsveitin Súlur á Akureyri var kölluð út á áttunda tímanum í kvöld eftir að tilkynningar komu um að bílar væru í vandræðum á Öxnadalsheiði, en þar eru núna 25 m/sek og slæmt skyggni. Þegar 3 öflugir björgunarsveitarjeppar frá Súlum komu á vettvang höfðu snjórúðningstæki Vegagerðarinnar náð að losa bílana sem voru fastir þannig að engin töf varð á umferð.

Að sögn björgunarsveitarmanna var ákveðið að björgunarsveitarjeppar yrðu staðsettir við Bakka-selsbrekku í kvöld en þar eru færð tekin að þyngjast verulega og munu þeir aðstoða ferðalanga að komast leiðar sinna ef þarf.

Ekki hafa borist neinar fleiri tilkynningar um að björgunarsveitir séu á ferðinni á fleiri stöðum á landinu í kvöld.

This text has been copied from the "Morgunblaðið á Netinu" with the purpose to demonstrate Icelandic hyphenation only. The text was processed using \*TALŌ's formatter software.

28 Februari 2011